

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/842

frá 30. maí 2018

um bindandi árlega skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda aðildarríkjanna frá 2021 til 2030 sem stuðlar að loftslagsaðgerðum til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 525/2013

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í niðurstöðum sínum frá 23.–24. október 2014 um stefnuramma fyrir loftslag og orku fram til ársins 2030 samþykkti leiðtoga ráðið bindandi markmið innan Sambandsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá öllu hagkerfinu um a.m.k. 40%, samanborið við árið 1990, eigi síðar en 2030 og það markmið var áreittað í ályktunum leiðtogaráðsins frá 17.–18. mars 2016.
- 2) Leiðtoga ráðið skýrði frá því í niðurstöðum sínum frá 23.–24. október 2014 að Sambandið ætti að ná markmiði sínu um a.m.k. 40% skerðingu á losun sameiginlega, á eins kostnaðarhagkvæman hátt og unnt er, með skerðingum í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽⁴⁾, og geirum utan viðskiptakerfisins fyrir losunarheimildir, sem nema annars vegar 43% og hins vegar 30%, samanborið við árið 2005, eigi síðar en 2030. Allar greinar atvinnulífsins ættu að leggja sitt af mörkum til að ná þessari skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda og öll aðildarríkin ættu að taka þátt í þessu framtaki með jafnvægi milli sanngirni og samstöðu. Halda ætti þeirri aðferðafræði að fastsetja landsbundin skerðingarmarkmið fyrir geira utan viðskiptakerfisins fyrir losunarheimildir, með öllum þeim þáttum sem er beitt í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 406/2009/EB ⁽⁵⁾, áfram til 2030 og skipta framtakinu niður á grundvelli vergrar landsframléiðslu á mann. Öll aðildarríkin ættu að leggja sitt af mörkum til heildar-skerðingar Sambandsins til og með 2030 með markmið sem spanna frá 0% til –40% samanborið við 2005. Breyta ætti landsbundnum markmiðum innan hóps aðildarríkja með verga landsframléiðslu á mann yfir meðaltali Sambandsins hlutfallslega til að endurspeglar kostnaðarhagkvæmni á sanngjarnan og yfirvegaðan hátt. Það að ná fram þessari skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda ætti að efla skilvirkni og nýsköpun í hagkerfi Sambandsins og ætti einkum að stuðla að framförum, sér í lagi í byggingaframkvæmdum, landbúnaði, úrgangsstjórnun og flutningum, að því marki sem þau falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 75, 10.3.2017, bls. 103.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 272, 17.8.2017, bls. 36.

⁽³⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 17. apríl 2018 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. maí 2018.

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

⁽⁵⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 406/2009/EB frá 23. apríl 2009 um átak aðildarríkjanna til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til að uppfylla skuldbindingar Bandalagsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2020 (Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 136).

- 3) Þessi reglugerð er hluti af framkvæmd skuldbindinga Sambandsins samkvæmt Parísarsamningnum ⁽¹⁾ sem var samþykktur samkvæmt Rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Parísarsamningurinn var samþykktur fyrir hönd Sambandsins 5. október 2016 með ákvörðun ráðsins (ESB) 2016/1841 ⁽²⁾. Skuldbinding Sambandsins um skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda í öllu hagkerfinu var sett fram í fyrirhuguðu landsákvörðuðu framlagi sem Sambandið og aðildarríki þess lögðu fram, með hliðsjón af Parísarsamningnum, hjá skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar 6. mars 2015. Parísarsamningurinn tók gildi 4. nóvember 2016 og kemur í staðinn fyrir nálgunina í Kýótóbókuninni frá 1997 sem ekki verður haldið áfram með eftir 2020.
- 4) Í Parísarsamningnum er m.a. sett fram langtímamarkmið í samræmi við það markmið að halda hækkun á hitastigi á heimsvísu vel undir 2 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu og að fylgja eftir viðleitni til að halda henni við 1,5 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu. Þar er einnig lögð áhersla á mikilvægi þess að aðlagast neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga og að gera fjármagnsstreymi samhæft við ferli í átt að lítilli losun gróðurhúsalofttegunda og loftslagsbreytingaþolinni þróun. Með Parísarsamningnum er einnig kallað eftir jafnvægi milli losunar frá upptökum af mannavöldum og upptöku gróðurhúsalofttegunda í viðtaka á síðari hluta þessarar aldar og aðilar hvattir til að grípa til aðgerða til að varðveita og auka, eins og við á, viðtaka og geyma fyrir gróðurhúsalofttegundir, þ.m.t. skógar.
- 5) Í niðurstöðum sínum frá 29.–30. október 2009 studdi leiðtoga ráðið markmið Sambandsins, í tengslum við nauðsynlegar skerðingar iðnríkjanna sem hóps samkvæmt milliríkjaneftindinni um loftslagsbreytingar, um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 80–95%, samanborið við gildin á árinu 1990, eigi síðar en 2050.
- 6) Landsákvörðuð framlag aðilanna að Parísarsamningnum á að endurspegla æðsta metnað þeirra og sýna framvindu með tímanum. Að auki ættu aðilar að Parísarsamningnum að leggja sig alla fram um að móta og tilkynna um áætlanir um þróun í átt að lítilli losun gróðurhúsalofttegunda til langs tíma með markmið Parísarsamningsins í huga. Í niðurstöðum ráðsins frá 13. október 2017 er mikilvægi langtímamarkmiða og fimm ára endurskoðunartímabila við framkvæmd Parísarsamningsins viðurkennt og lögð áhersla á mikilvægi áætlana um þróun í átt að lítilli losun gróðurhúsalofttegunda til langs tíma sem stjórn tækis til að þróa áreiðanleg ferli og þær langtímabreytingar á stefnu sem þarf til að ná markmiðum Parísarsamningsins.
- 7) Umskiptin yfir í umhverfisvæna orku útheimta breytingar á fjárfestingaraðferðum og hvötum sem ná yfir allt stefnurófið. Eitt helsta forgangsverkefni Sambandsins er að koma á fót öflugu orkusambandi til að veita borgurum sínum örugga, sjálfbæra og samkeppnishæfa orku á viðráðanlegu verði. Til að ná þessu þarf áframhaldandi metnaðarfullar loftslagsaðgerðir með þessari reglugerð og framfarir á öðrum sviðum orkusambandsins eins og sett er fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 25. febrúar 2015 sem ber yfirskriftina „Rammaskipulag fyrir öflugt orkusamband með framsýna stefnu varðandi loftslagsbreytingar“ (e. *A Framework Strategy for a Resilient Energy Union with a Forward-Looking Climate Change Policy*).
- 8) Ráð Sambandsráðstafana eykur getu aðildarríkjanna til að uppfylla skuldbindingar sínar í loftslagsmálum og skiptir sköpum við að ná fram nauðsynlegri skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda í þeim geirum sem falla undir þessa reglugerð. Þessar ráðstafanir taka til löggjafar um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, skerðingar koltvísýrings frá ökutækjum, orkunýtingar bygginga, endurnýjanlegra orkugjafa, orkunýtni og hringrásarhagkerfis sem og til fjármögnunargæringa Sambandsins fyrir loftslagstengdar fjárfestingar.
- 9) Í niðurstöðu fundar leiðtoga ráðsins frá 19.–20. mars 2015 var tekið fram að Sambandið hafi einsett sér að byggja upp orkusamband með framsýna umhverfisstefnu á grundvelli rammaskipulags framkvæmdastjórnarinnar en fimm þættir þess eru nátengdir og styrkja hvern annan á gagnkvæman hátt. Takmörkun á orkuþörf er einn af fimm þáttum þessa skipulags um orkusamband. Bætt orkunýtni getur skilað marktækri skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda. Hún getur líka verið til hagsbóta fyrir umhverfi og heilbrigði, bætt orkuöryggi, lækkað orkukostnað fyrir heimili og fyrirtæki, hjálpað til við að draga úr orkuskorti og leitt til fleiri starfa og efnahagslegrar starfsemi í öllu hagkerfinu. Ráðstafanir sem stuðla að aukinni útbreiðslu á orkusparandi tækni í byggingum, iðnaði og samgöngum gætu verið kostnaðarhagkvæm leið til að hjálpa aðildarríkjunum við að ná markmiðum sínum samkvæmt þessari reglugerð.

(1) Parísarsamningurinn (Stjtið. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 4).

(2) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2016/1841 frá 5. október 2016 um gerð, fyrir hönd Evrópusambandsins, Parísarsamningsins sem var samþykktur samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Stjtið. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 1).

- 10) Útfærsla og þróun sjálfbærra og nýstárlegra aðferða og tækni getur aukið hlutverk landbúnaðargeirans í tengslum við að aðlaga loftslagsbreytingar og milda þær, einkum með því að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og með því að viðhalda og bæta viðtaka og kolefnisbirgðir. Til að draga úr kolefnafótspori og vistfræðilegu fótspori landbúnaðargeirans en viðhalda um leið framleiðni hans, getu til endurnýjunar og þróttí er mikilvægt að auka aðgerðir til að milda loftslagsbreytingar og aðlaga þær sem og að fjármagna rannsóknir á þróun á og fjárfestingum í sjálfbærum og nýstárlegum aðferðum og tækni.
- 11) Landbúnaðargeirinn hefur bein og marktæk áhrif á líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi. Af þessum sökum er mikilvægt að tryggja samræmi milli markmiðanna í þessari reglugerð og annarra stefna og markmiða Sambandsins, s.s. sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar og markmiða sem tengjast áætlun um líffræðilega fjölbreytni, skógræktaráætlun og áætlun um hringrásarhagkerfi.
- 12) Flutningageirinn stendur fyrir næstum því fjórðungi af losun gróðurhúsalofttegunda í Sambandinu. Þess vegna er mikilvægt að draga einnig úr losun gróðurhúsalofttegunda og áhættu í tengslum við jarðefnaeldsneytisþörf í flutningageiranum eftir 2020 með heildstæðri nálgun til að stuðla að skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda og orkunýtni í flutningum, að rafknúnum flutningum, að því að skipta um flutningsmáta þegar hann er sjálfbærari og að sjálfbærum, endurnýjanlegum orkugjöfum í flutningum. Unnt er að stuðla að skiptum yfir í samgöngur með litla losun, sem hluta af viðtækari skiptum yfir í öruggt og sjálfbært lágkolefnishagkerfi, með því að innleiða stuðningsskilyrði og sterka hvata sem og langtímaaðferðir sem geta eftl fjárfestingar.
- 13) Meta ætti áhrif stefnu og ráðstafana Sambandsins og landsbundinnar stefnu og ráðstafana við framkvæmd þessarar reglugerðar í samræmi við vöktunar- og skýrslugjafarskyldurnar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 ⁽¹⁾.
- 14) Með fyrirvara um valdsvið fjárveitingavaldsins ætti að halda áfram, eftir því sem við á, að nota og bæta samræmingaraðferðina, sem var innleidd innan fjárhagsrammans til margra ára fyrir tímabilið 2014–2020, með það fyrir augum að bregðast við áskorunum og fjárfestingaþörfum sem tengjast loftslagsaðgerðum frá og með 2021. Fjármögnun Sambandsins ætti að vera í samræmi við markmið stefnuramma Sambandsins fyrir loftslag og orku fram til ársins 2030 og langtímamarkmiðin sem koma fram í Parísarsamningnum til að tryggja skilvirkni við nýtingu opinbers fjármagns. Framkvæmdastjórnin ætti að taka saman skýrslu um áhrifin af fjármögnun Sambandsins, sem er veitt af fjárlögum Sambandsins eða á annan hátt samkvæmt lögum Sambandsins, á losun gróðurhúsalofttegunda í þeim geirum sem falla undir þessa reglugerð eða tilskipun 2003/87/EB.
- 15) Þessi reglugerð ætti að taka til losunar gróðurhúsalofttegunda frá flokkum millirikjanefndarinnar um loftslagsbreytingar um orku, iðnaðarferla og vörunotkun, landbúnað og úrgang, eins og ákvarðað er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 525/2013, að undanskilinni losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB.
- 16) Þau gögn úr skýrslugjöf, sem eru sem stendur í landsskrám yfir gróðurhúsalofttegundir og í landsskrám og skráum Sambandsins, nægja ekki til að ákvarða, á vettvangi aðildarríkjanna, losun koltvísýrings frá almenningsflugi á landsvísu sem fellur ekki undir tilskipun 2003/87/EB. Við samþykkt á kvöðum um skýrslugjöf ætti Sambandið ekki að leggja byrðar á aðildarríkin eða lítill og meðalstór fyrirtæki sem eru ekki í samræmi við þau markmið sem stefnt er að. Koltvísýringslosun frá flugi sem fellur ekki undir tilskipun 2003/87/EB er einungis mjög lítill hluti af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda og það að koma á skýrslugjafarkerfi fyrir þessa losun yrði óþarflega íþyngjandi í ljósi gildandi krafna fyrir geirann í heild samkvæmt tilskipun 2003/87/EB. Af þeim sökum ætti að meðhöndla koltvísýringslosun frá upptakaflokki millirikjanefndarinnar um loftslagsbreytingar „I.A.3.A almenningsflug“ eins og hún jafngildi núlli að því er varðar þessa reglugerð.
- 17) Ákvarða ætti skerðingu hvers aðildarríkis á losun gróðurhúsalofttegunda 2030 í tengslum við gildi yfirfarinnar losunar þess á gróðurhúsalofttegundum á árinu 2005, sem fellur undir þessa reglugerð, að undanskilinni sannprófaðri losun gróðurhúsalofttegunda frá stöðvum sem voru í rekstri á árinu 2005 en voru fyrst felldar inn í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir eftir árið 2005. Ákvarða ætti árlega losunarúthlutun frá 2021 til 2030 á grundvelli gagna sem aðildarríkin leggja fram og framkvæmdastjórnin fer yfir.

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 frá 21. maí 2013 um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísu og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB (Stjtið. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 13).

- 18) Sú aðferð að vera með bindandi árleg landsbundin viðmiðunarmörk samkvæmt ákvörðun nr. 406/2009/EB skal notuð áfram frá 2021 til 2030. Reglur til að ákvarða árlega losunarúthlutun fyrir hvert aðildarríki, eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð, ættu að fylgja sömu aðferðafræði og fyrir aðildarríki með neikvæð viðmiðunarmörk samkvæmt þeirri ákvörðun en þannig að upphaf ferilsins sé reiknað út við fimm-tólftu af tímabilinu frá 2019 til 2020 eða á árinu 2020 með meðaltalinu af losun gróðurhúsalofttegunda á tímabilinu 2016 til 2018 og endirinn á ferlinum séu viðmiðunarmörkin 2030 fyrir hvert aðildarríki. Til að tryggja viðeigandi framlög til markmiðs Sambandsins um skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda fyrir tímabilið frá 2021 til 2030 ætti að ákvarða upphafsdag ferilsins fyrir hvert aðildarríki á grundvelli þess hver þessara dagsetninga leiðir til lægri úthlutunar. Aðildarríki sem eru bæði með jákvæð viðmiðunarmörk samkvæmt ákvörðun nr. 406/2009/EB og hækkandi árlega losunarúthlutun frá 2017 til 2020, ákvarðað samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/162/ESB ⁽¹⁾ og framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/634/ESB ⁽²⁾, ættu að fá árlegri losunarúthlutun á árinu 2021 breytt til að endurspeglu getu þeirra til aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda á þessum árum.

Gefa ætti tilteknum aðildarríkjum kost á viðbótarbreytingum til viðurkenningar á þeirri óvenjulegu aðstöðu þeirra að vera bæði með jákvæð viðmiðunarmörk samkvæmt ákvörðun nr. 406/2009/EB og annaðhvort minnstu losun gróðurhúsalofttegunda á mann samkvæmt þeirri ákvörðun eða lægsta hlutfall af losun gróðurhúsalofttegunda frá geirum sem falla ekki undir þá ákvörðun, samanborett við heildarlosun þeirra á gróðurhúsalofttegundum. Þessi viðbótarbreyting ætti einungis að taka til hluta af þeirri skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda sem þarf á tímabilinu frá 2021 til 2029 til að viðhalda hvötum til viðbótarskerðingar á losun gróðurhúsalofttegunda og til að hafa ekki áhrif á það að ná markmiðinu 2030, að teknu tilliti til notkunar á öðrum breytingum og sveigjanleika sem sett eru fram í þessari reglugerð.

- 19) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd ákvæða þessarar reglugerðar, sem varða það að ákvarða árlega losunarúthlutun fyrir aðildarríkin, ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽³⁾.
- 20) Í niðurstöðum sínum frá 23.–24. október 2014 tilgreindi leiðtoga ráðið að auka ætti verulega tiltækileika og notkun á fyrirbyggjandi sveigjanleikastjórnstækjum innan geiranna utan viðskiptakerfisins fyrir losunarheimildir til að tryggja kostnaðarhagkvæmni sameiginlegrar viðleitni Sambandsins og samleitni í losun gróðurhúsalofttegunda á mann eigi síðar en 2030. Til að auka heildarkostnaðarhagkvæmni heildarskerðinga ættu aðildarríki að geta lagt til hliðar og fengið lánaðan hluta af árlegum losunarúthlutunum sínum. Þau ættu einnig að geta yfirfært hluta af árlegri losunarúthlutun sinni til annarra aðildarríkja. Tryggja ætti gagnsæi slíkrar yfirfærslu og hún ætti að fara þannig fram að það sé hagkvæmt fyrir alla aðila, þ.m.t. með uppboði, með því að nota milliliði á markaði sem starfa sem umboðsmenn eða með tvíhliða samkomulagi. Öll yfirfærsla af þessum toga gæti verið niðurstaða verkefnis til að draga úr gróðurhúsalofttegundum eða áætlunar sem er framkvæmd í aðildarríkinu sem selur og fjármögnuð af viðtökuaðildarríkinu. Þar að auki ættu aðildarríkin að geta hvatt til þess að komið verði á fót samstarfsverkefnum opinberra aðila og einkaaðila vegna verkefna skv. 1. mgr. 24. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.
- 21) Skapa ætti sveigjanleika í eitt skipti til að auðvelda aðildarríkjum með landsbundin skerðingarmarkmið, sem eru töluvert fyrir ofan bæði meðaltal Sambandsins og möguleika þeirra til kostnaðarhagkvæmrar skerðingar, sem og aðildarríkjum sem úthlutaðu engum losunarheimildum án endurgjalds í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir til iðjuvera á árinu 2013, að ná markmiðum sínum. Til að vernda markmið markaðsstöðugleikavarasjóðsins, sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814 ⁽⁴⁾, um að takast á við skipulagslegt ójafnvægi milli framboðs og eftirspurnar í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir ætti að líta á losunarheimildir í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, sem tekið er tillit til vegna sveigjanleika í eitt skipti, sem losunarheimildir í umferð í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir þegar heildarfjöldi losunarheimilda í umferð í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir á tilteknu ári er ákvarðaður. Í fyrstu endurskoðun sinni samkvæmt þeirri ákvörðun ætti framkvæmdastjórnin að íhuga hvort það eigi að viðhalda því að bókfæra losunarheimildirnar sem losunarheimildir í umferð í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir.

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/162/ESB frá 26. mars 2013 um að ákvarða árlegar losunarúthlutunar aðildarríkjanna á tímabilinu frá 2013 til 2020 samkvæmt ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 406/2009/EB (Stjtið. ESB L 90, 28.3.2013, bls. 106).

⁽²⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/634/ESB frá 31. október 2013 um breytingar á árlegum losunarúthlutunum aðildarríkjanna á tímabilinu frá 2013 til 2020 samkvæmt ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 406/2009/EB (Stjtið. ESB L 292, 1.11.2013, bls. 19).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

⁽⁴⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814 frá 6. október 2015 um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðugleikavarasjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og um breytingu á tilskipun 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 264, 9.10.2015, bls. 1).

- 22) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/841 ⁽¹⁾ er mælt fyrir um bókhaldsreglur um losun gróðurhúsalofttegunda og upptöku í tengslum við landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt (LULUCF). Starfsemi sem fellur undir gildissvið þeirrar reglugerðar ætti ekki að falla undir þessa reglugerð. Þó að umhverfisleg niðurstaða samkvæmt þessari reglugerð, með tilliti til þeirrar skerðingar á losun gróðurhúsalofttegunda sem næst, verði fyrir áhrifum af því að taka með í reikninginn magn sem nemur allt að því summu heildarnettóupptöku og heildarnettólosunar frá landi sem er breytt í skóglendi, landi sem er hreinsað af skógi, stýrðu ræktuðu landi, stýrðu graslendi og, við tiltekin skilyrði, stýrðu skóglendi, sem og, þegar slíkt er gert skyldubundið samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/841, stýrðu votlendi eins og skilgreint er í þeirri reglugerð, ætti þó að fella sveigjanleika vegna landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF), sem nemur að hámarki 280 milljón tonnum af koltvísýringsígildum til þessarar upptöku sem er skipt milli aðildarríkjanna, inn í þessa reglugerð sem viðbótarmöguleika fyrir aðildarríkin til að standa við skuldbindingar sínar, þegar þörf krefur. Þetta heildarmagn og skipting þess milli aðildarríkjanna ætti að vera með hliðsjón af minni möguleika landbúnaðar- og landnotkunar-geirans til mildunar og viðeigandi framlagi frá þeim geira til að draga úr og binda gróðurhúsalofttegundir. Þar að auki ætti valfrjáls niðurfelling á árlegum losunarúthlutunum samkvæmt þessari reglugerð að gera það kleift að taka slíkt magn með í reikninginn þegar fylgni aðildarríkjanna við kröfurnar samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/841 er metin.
- 23) Hinn 30. nóvember 2016 lagði framkvæmdastjórnin fram tillögu um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um stjórnarhætti orkusambandsins (stjórnarháttatillaga) þar sem þess er krafist að aðildarríkin semji samþættar, landsbundnar orku- og loftslagsáætlanir í tengslum við stefnumótandi áætlanagerð í orku- og loftslagsmálum fyrir alla fimm lykilþætti orkusambandsins. Samkvæmt stjórnarháttatillögunni eiga landsbundnar áætlanir, sem taka til tímabilsins frá 2021 til 2030, að leika lykilhlutverk í skipulagningu aðildarríkjanna við að fara að ákvæðum þessarar reglugerðar og reglugerðar (ESB) 2018/841. Í þessu skyni eiga aðildarríkin að setja fram stefnur og ráðstafanir til að uppfylla skuldbindingarnar samkvæmt þessari reglugerð og reglugerð (ESB) 2018/841 og horfa til langtímamarkmiðs um að ná fram jafnvægi milli losunar gróðurhúsalofttegunda og upptöku í samræmi við Parísarsamninginn. Í þessum áætlunum á einnig að setja fram mat á áhrifum fyrirhugaðra stefna og ráðstafana til að uppfylla markmiðin. Samkvæmt stjórnarháttatillögunni ætti framkvæmdastjórnin að geta tilgreint í tilmælum sínum um drögin að landsbundnu áætlunum hversu viðeigandi metnaðurinn er og framkvæmd stefna og ráðstafana í kjölfarið. Taka ætti með í reikninginn mögulega notkun á sveigjanleika vegna landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF) til að fara að þessari reglugerð þegar þessar áætlanir eru teknar saman.
- 24) Umhverfisstofnun Evrópu miðar að því að styðja sjálfbæra þróun og aðstoða við að ná fram marktækum og mælanlegum umbótum á umhverfi með því að veita stefnumótendum, opinberum stofnunum og almenningi tímanlegar, markvissar, viðeigandi og áreiðanlegar upplýsingar. Umhverfisstofnun Evrópu ætti að aðstoða framkvæmdastjórnina eins og við á í samræmi við árlega vinnuáætlun stofnunarinnar.
- 25) Á móti öllum breytingum á umfanginu, eins og sett er fram í 11. gr., 24. gr., 24. gr. a og 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB, ættu að koma samsvarandi breytingar á hámarks magni losunar gróðurhúsalofttegunda sem fellur undir þessa reglugerð. Af þessum sökum ættu þessi aðildarríki, þegar þau fella viðbótarlosun gróðurhúsalofttegunda frá stöðvum sem féllu áður undir tilskipun 2003/87/EB, inn í skuldbindingar sínar samkvæmt þessari reglugerð, að innleiða viðbótarstefnur og ráðstafanir í þeim geirum sem falla undir þessa reglugerð til að draga úr þessari losun gróðurhúsalofttegunda.
- 26) Til viðurkenningar á fyrri viðleitni sem þessi aðildarríki, sem voru með verga landsframleiðslu á mann undir meðaltali Sambandsins á árinu 2013, hafa sýnt frá árinu 2013 þykir rétt að koma á fót takmörkuðum öryggisvarasjóði (e. *safety reserve*) í sérstökum tilgangi, sem samsvarar allt að 105 milljónum tonna af koltvísýringsígildum, en viðhalda um leið umhverfislegu heildstæði þessarar reglugerðar sem og hvötum fyrir aðgerðir aðildarríkjanna sem ganga lengra en lágmarksframlögin samkvæmt þessari reglugerð. Öryggisvarasjóðurinn ætti að koma þeim aðildarríkjum til góða, sem voru með verga landsframleiðslu á mann undir meðaltali Sambandsins á árinu 2013, þar sem losun gróðurhúsalofttegunda hefur haldist undir árlegum losunarúthlutunum þeirra frá 2013 til 2020 og sem eiga í vandræðum með að ná markmiði sínu um losun gróðurhúsalofttegunda fyrir 2030 þrátt fyrir notkun annars sveigjanleika sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Öryggisvarasjóður af þessari stærð myndi ná yfir umtalsverðan hluta af áætluðum, sameiginlegum halla aðstoðarhæfra aðildarríkja á tímabilinu frá 2021 til 2030 án viðbótarstefna en viðhalda um leið hvötum fyrir

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/841 frá 30. maí 2018 um að fella losun gróðurhúsalofttegunda og upptöku frá landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt inn í loftslags- og orkurammann fram til ársins 2030 og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 525/2013 og ákværdun nr. 529/2013/ESB (Stjtið. ESB L 156, 19.6.2018, bls. 1).

viðbótaraðgerð. Öryggisvarasjóðurinn ætti að standa þessum aðildarríkjum til boða á árinu 2032 við tiltekin skilyrði og að því tilskildu að notkun hans grafi ekki undan því að ná markmiði Sambandsins um skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda um 30% fyrir árið 2030 í þeim geirum sem falla undir þessa reglugerð.

- 27) Til að endurspeglar þróun innan ramma reglugerðar (ESB) 2018/841 sem og til að tryggja rétt bókhald samkvæmt þessari reglugerð ætti að veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar að heimila notkun á landbókhaldsflokkum fyrir stýrt skóglendi og stýrt votlendi samkvæmt sveigjanleikanum vegna landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF) og að því er varðar bókhald yfir viðskipti samkvæmt þessari reglugerð, þ.m.t. notkun á sveigjanleika, beiting eftirlits með því að farið sé að tilskildum ákvæðum og að öryggisvarasjóðurinn starfi rétt, gegnum skrána sem komið var á fót skv. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013 (skrá Sambandsins). Upplýsingar sem varða bókhald samkvæmt þessari reglugerð ættu að vera aðgengilegar almenningi. Nauðsynleg ákvæði um bókhald yfir viðskipti ættu að vera í einum gervingi sem sameinar ákvæði um bókhald samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 525/2013, reglugerð (ESB) 2018/841, þessari reglugerð og tilskipun 2003/87/EB. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ⁽¹⁾. Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða fá Evrópuþingið og ráðið í hendur öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem hafa umsjón með undirbúningi framseldra gerða.
- 28) Þessa reglugerð ætti að endurskoða 2024 og á fimm ára fresti eftir það til þess að meta virkni hennar í heild sinni, einkum að því er varðar þörf fyrir aukinn strangleika í stefnum og ráðstöfunum Sambandsins. Í endurskoðuninni ætti m.a. að taka tillit til þróunar á landsbundnum aðstæðum og niðurstaðna úr Hvetjandi samskiptum 2018 samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Talanoa-samskiptin) og hnattrænni athugun samkvæmt Parísarsamningnum. Sem hluta af endurskoðuninni ætti einnig að hafa í huga jafnvægi milli framboðs á og eftirspurnar eftir árlegum losunarúthlutunum til að tryggja að skuldbindingarnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, séu fullnægjandi, þar að auki ætti framkvæmdastjórnin, sem hluti af reglulegri skýrslugjöf hennar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 525/2013, að meta útkomuna úr Talanoa-samskiptunum eigi síðar en 31. október 2019. Endurskoðunin fyrir tímabilið eftir 2030 ætti að vera í samræmi við langtímamarkmiðin og skuldbindingarnar sem gerð eru samkvæmt Parísarsamningnum og í þessu skyni ættu þau að endurspeglar framvindu með tímanum.
- 29) Til að tryggja skilvirka, gagnsæja og kostnaðarhagkvæma skýrslugjöf og sannpröfun á losun gróðurhúsalofttegunda og á öðrum upplýsingum, sem eru nauðsynlegar til að meta framvindu varðandi árlega losunarúthlutun aðildarríkjanna, ætti að samþætta kröfur um árlega skýrslugjöf og mat samkvæmt þessari reglugerð við viðkomandi greinar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 525/2013. Með þeirri reglugerð ætti einnig að tryggja að framvinda aðildarríkjanna við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda verði áfram metin á hverju ári, að teknu tilliti til framfara í stefnum og ráðstöfunum Sambandsins og upplýsinga frá aðildarríkjunum. Annað hvert ár ætti matið að innihalda áætlaða framvindu Sambandsins við að uppfylla skerðingarmarkmið sín og aðildarríkjanna við að uppfylla skuldbindingar sínar. Þó ætti einungis að taka beitingu frádráttar til athugunar fimm ára hvert þannig að unnt sé að taka tillit til mögulegs framlags frá landi sem er breytt í skóglendi, landi sem er hreinsað af skógi, stýrðu ræktuðu landi og stýrðu graslendi samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/841. Þetta er með fyrirvara um þá skyldu framkvæmdastjórnarinnar að tryggja fylgni við skuldbindingar aðildarríkjanna, sem leiða af þessari reglugerð, eða vald framkvæmdastjórnarinnar til að hefja málsmeðferð vegna brota í þessu skyni.
- 30) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 525/2013 til samræmis við það.
- 31) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, einkum að mæla fyrir um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar lágmarksframlag þeirra fyrir tímabilið frá 2021 til 2030 til að uppfylla markmið Sambandsins um að draga úr losun sinni á gróðurhúsalofttegundum og stuðla að því að ná markmiðum Parísarsamningsins, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

32) Þessi reglugerð er með fyrirvara um strangari landsbundin markmið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um skuldbindingar aðildarríkjanna, að því er varðar lágmarksframlag þeirra á tímabilinu frá 2021 til 2030, til að uppfylla markmið Sambandsins um að draga úr losun sinni á gróðurhúsalofttegundum fram til 2030 um sem nemur 30% niður fyrir gildi ársins 2005, í þeim geirum sem falla undir 2. gr. þessarar reglugerðar ásamt því að stuðla að því að ná markmiðum Parísarsamningsins. Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um reglur til að ákvarða árlega losunarúthlutun og fyrir mat á framvindu aðildarríkjanna við að ná lágmarksframlagi sínu.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um losun gróðurhúsalofttegunda frá upptakaflokkum milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar um orku, iðnaðarferla og vörunotkun, landbúnað og úrgang, eins og ákvarðað er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 525/2013, að undanskilinni losun gróðurhúsalofttegunda frá þeirri starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB.
2. Með fyrirvara um 7. gr. og 2. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar gildir þessi reglugerð ekki um losun gróðurhúsalofttegunda og upptöku sem fellur undir reglugerð (ESB) 2018/841.
3. Að því er varðar þessa reglugerð skal meðhöndla koltvísýringslosun frá upptakaflokki milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar „1.A.3.A almenningsflug“ eins og hún sé núll.

3. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „losun gróðurhúsalofttegunda“: losun með tilliti til tonna af koltvísýringsgildi koltvísýrings (CO₂), metans (CH₄), nituroxíðs (N₂O), vetnisflúorókölefnu (HFC), perflúorókölefnu (PFCs), köfnunarefnistríflúoríðs (NF₃) og brennisteinshexaflúoríðs (SF₆), sem er ákvörðuð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 525/2013 og fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar,
- 2) „árleg losunarúthlutun“: hámark leyfðar losunar á gróðurhúsalofttegundum fyrir hvert ár milli árána 2021 og 2030, sem er ákvarðað skv. 3. mgr. 4. gr. og 10. gr.,
- 3) „losunarheimild í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir“: losunarheimild eins og skilgreint er í a-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

4. gr.

Árleg losunargildi fyrir tímabilið frá 2021 til 2030

1. Á árinu 2030 skal hvert aðildarríki takmarka losun sína á gróðurhúsalofttegundum a.m.k. um þann hundraðshluta sem er ákvarðaður fyrir viðkomandi aðildarríki í I. viðauka í tengslum við losun þess á gróðurhúsalofttegundum á árinu 2005 sem er ákvörðuð skv. 3. mgr. þessarar greinar.
2. Með fyrirvara um sveigjanleikann sem kveðið er á um í 5., 6. og 7. gr. þessarar reglugerðar, breytinguna skv. 2. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar og að teknu tilliti til hvers konar frádráttar sem leiðir af beitingu 7. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB skal hvert aðildarríki tryggja að losun þess á gróðurhúsalofttegundum á hverju ári milli árána 2021 og 2029 fari ekki yfir viðmiðunarmörk sem eru afmörkuð af línulegum ferli sem hefst við meðaltal losunar þess á gróðurhúsalofttegundum á árunum 2016, 2017 og 2018, fastsett skv. 3. mgr. þessarar greinar, og endar 2030 við viðmiðunarmörkin sem eru fastsett fyrir viðkomandi aðildarríki í I. viðauka við þessa reglugerð. Línulegur ferill aðildarríkis skal annaðhvort hefjast við fimm-tólfstu af tímabilinu frá 2019 til 2020 eða á árinu 2020, eftir því hvort leiðir til lægri úthlutunar fyrir viðkomandi aðildarríki.
3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem árlegar losunarúthlutanir fyrir árin 2021 til 2030, með tilliti til tonna koltvísýringsgilda eins og tilgreint er í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, eru ákvarðaðar. Að því er varðar þessar

framkvæmdargerðir skal framkvæmdastjórnin annast ítarlega yfirferð á nýjustu landsbundnu gögnunum fyrir árin 2005 og 2016 til 2018 sem aðildarríkin leggja fram skv. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013.

Í þessum framkvæmdargerðum skal tilgreina gildi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda fyrir hvert aðildarríki á árinu 2005 sem er notað til að ákvarða árlega losunarúthlutun sem er tilgreind í 1. og 2. mgr.

4. Í þessum framkvæmdargerðum skal einnig tilgreina, byggt á hundraðshlutunum sem aðildarríkin tilkynna um skv. 3. mgr. 6. gr., það heildarmagn sem má taka tillit til að því er varðar hvort aðildarríki fer að tilskildum ákvæðum skv. 9. gr. á árunum 2021 til 2030. Ef summa heildarmagns allra aðildarríkjanna fer yfir samanlagða heildarmagnið 100 milljónir skal skerða heildarmagn hvers aðildarríkis í réttu hlutfalli þannig að ekki sé farið yfir samanlagt heildarmagn.
5. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 14. gr.

5. gr.

Sveigjanleiki með því að fá lánað, leggja til hliðar og yfirfæra

1. Að því er varðar árin 2021 til 2025 er aðildarríki heimilt að fá lánað magn sem nemur allt að 10% af árlegri losunarúthlutun þess fyrir næstkomandi ár.
2. Að því er varðar árin 2026 til 2029 er aðildarríki heimilt að fá lánað magn sem nemur allt að 5% af árlegri losunarúthlutun þess fyrir næstkomandi ár.
3. Aðildarríki þar sem losun gróðurhúsalofttegunda á tilteknu ári er undir árlegri losunarúthlutun þess fyrir sama ár, að teknu tilliti til notkunar á sveigjanleika samkvæmt þessari grein og 6. gr., er heimilt:
 - a) að því er varðar árið 2021, að leggja þann umframhluta af árlegri losunarúthlutun sinni til hliðar til síðari ára, fram til 2030, og
 - b) að því er varðar árin 2022 til 2029, að leggja umframhluta af árlegri losunarúthlutun sinni, sem nemur allt að 30% af árlegri losunarúthlutun þess fram að því ári, til hliðar til síðari ára fram til 2030.
4. Aðildarríki er heimilt að yfirfæra allt að 5% af árlegri losunarúthlutun sinni á tilteknu ári til annarra aðildarríkja að því er varðar árin 2021 til 2025 og allt að 10% að því er varðar árin 2026 til 2030. Viðtökuaðildarríkinu er heimilt að nota þetta magn til að fara að tilskildum ákvæðum skv. 9. gr. á því ári eða á síðari árum, fram til 2030.
5. Aðildarríki þar sem endurskoðuð losun gróðurhúsalofttegunda fyrir tiltekið ár er undir árlegri losunarúthlutun þess fyrir sama ár, að teknu tilliti til notkunar á sveigjanleika skv. 1. til 4. mgr. þessarar greinar og 6. gr., er heimilt að yfirfæra það sem er umfram árlega losunarúthlutun þess til annarra aðildarríkja. Viðtökuaðildarríkinu er heimilt að nota þetta magn til að fara að tilskildum ákvæðum skv. 9. gr. á því ári eða á síðari árum, fram til 2030.
6. Aðildarríkjunum er heimilt að nota tekjur sem verða til við yfirfærslu á árlegum losunarúthlutunum skv. 4. og 5. mgr. til að takast á við loftslagsbreytingar í Sambandinu eða í þriðju löndum. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um hvers kyns aðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari málsgrein.
7. Heimilt er að öll yfirfærsla árlegra losunarúthlutana skv. 4. og 5. mgr. sé niðurstaða verkefnis til að draga úr gróðurhúsalofttegundum eða áætlunar, sem er framkvæmd í aðildarríkinu sem selur og fjármögnuð af viðtökuaðildarríkinu, að því tilskildu að komist sé hjá tvítalningu og að rekjanleiki sé tryggður.
8. Aðildarríkjunum er heimilt að nota inneignir úr verkefnum, sem eru gefnar út skv. 1. mgr. 24. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, til að fara að tilskildum ákvæðum skv. 9. gr. þessarar reglugerðar án nokkurrar magntakmörkunar, að því tilskildu að komist sé hjá tvítalningu.

6. gr.

Sveigjanleiki fyrir tiltekin aðildarríki í kjölfar skerðingar á losunarheimildum í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir

1. Aðildarríkjunum, sem eru tilgreind í II. viðauka við þessa reglugerð, er heimilt að fá takmarkaða ógildingu á að hámarki allt að 100 milljón losunarheimildum í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir sem eru samanlagt teknar með í reikninginn að því er varðar fylgni þeirra við þessa reglugerð. Slík ógilding skal gerð úr þeim fjölda sem á að fara á uppboð hjá hlutaðeigandi aðildarríki skv. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

2. Litið skal á þær losunarheimildir í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir sem teknar eru með í reikninginn skv. 1. mgr. þessarar greinar sem losunarheimildir í umferð í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir að því er varðar 4. mgr. 1. gr. ákvörðunar (ESB) 2015/1814.

Í fyrstu endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar skv. 3. gr. þeirrar ákvörðunar skal hún íhuga hvort það eigi að viðhalda bókhaldinu sem sett er fram í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

3. Aðildarríki, sem eru tilgreind í II. viðauka, skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það, eigi síðar en 31. desember 2019, hvort þau hyggjast nýta sér takmarkaða ógildingu á losunarheimildum í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sem nemur allt að þeim hundraðshluta sem er tilgreindur í II. viðauka fyrir hvert ár á tímabilinu frá 2021 til 2030 fyrir hvert hlutaðeigandi aðildarríki til að það geti farið að tilskildum ákvæðum skv. 9. gr.

Aðildarríkjum, sem eru tilgreind í II. viðauka, er heimilt að ákveða að endurskoða tilkynntan hundraðshluta einu sinni til lækkunar á árinu 2024 og einu sinni á árinu 2027. Í slíku tilviki skal hlutaðeigandi aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um það eigi síðar en 31. desember 2024 eða 31. desember 2027, eftir því sem við á.

4. Miðlægur stjórnandi, sem er tilnefndur skv. 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB (miðlægi stjórnandinn) skal, að beiðni aðildarríkis, taka tillit til fjölda sem nemur allt að heildarfjöldanum sem er ákvarðaður skv. 4. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar að því er varðar fylgni viðkomandi aðildarríkis skv. 9. gr. þessarar reglugerðar. Einn-tíundi hluti af heildarfjölda losunarheimilda í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, sem er ákvarðaður skv. 4. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, skal gerður ógildur skv. 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB fyrir viðkomandi aðildarríki á hverju ári frá 2021 til 2030.

5. Ef aðildarríki, í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar, hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um þá ákvörðun sína að endurskoða þann hundraðshluta sem áður var tilkynnt um að yrði lækkaður skal ógilda samsvarandi minni fjölda losunarheimilda í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir fyrir viðkomandi aðildarríki að því er varðar hvert ár frá 2026 til 2030 eða frá 2028 til 2030, eftir því sem við á.

7. gr.

Viðbótarnotkun á allt að 280 milljón tonna nettóupptöku frá landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt (LULUCF)

1. Að því marki sem losun aðildarríkis á gróðurhúsalofttegundum fer yfir árlega losunarúthlutun þess á tilteknu ári, þ.m.t. öll árleg losunarúthlutun sem er lögð til hliðar skv. 3. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar, er heimilt að taka með í reikninginn, til að fara að tilskildum ákvæðum skv. 9. gr. þessarar reglugerðar, magn sem nemur allt að summu heildarnettóupptöku og heildarnettólosunar frá sameinuðum landbókhaldsflokkum fyrir land sem er breytt í skóglendi, land sem er hreinsað af skógi, stýrt ræktað land, stýrt graslendi og, með fyrirvara um framseldar gerðir sem eru samþykktar skv. 2. mgr. þessarar greinar, stýrt skóglendi og stýrt votlendi, eins og um getur í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/841, að því tilskildu að:

- a) uppsafnað magn sem tekið er með í reikninginn fyrir það aðildarríki fyrir öll árin á tímabilinu frá 2021 til 2030 fari ekki yfir það hámarkmagn heildarnettóupptöku sem sett er fram í III. viðauka við þessa reglugerð fyrir umrætt aðildarríki,
- b) slíkt magn sé meira en sem nemur kröfunum á viðkomandi aðildarríki skv. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/841,
- c) aðildarríkið hafi ekki fengið meiri nettóupptöku frá öðrum aðildarríkjum samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/841 en það hefur yfirfært,
- d) aðildarríkið hafi farið að tilskildum ákvæðum reglugerðar (ESB) 2018/841 og
- e) aðildarríkið hafi lagt fram lýsingu á fyrirhugaðri notkun sveigjanleikans, sem er tiltækur samkvæmt þessari málsgrein, samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 13. gr. þessarar reglugerðar, til að breyta fyrirsögn III. viðauka við hana að því er varðar landbókhaldsflokkana til þess að:

- a) endurspegla framlag landbókhaldsflokksins stýrt skóglendi en hafa um leið hliðsjón af hámarks magni heildarnettóupptöku fyrir hvert aðildarríki, sem um getur í III. viðauka við þessa reglugerð, þegar framseldar gerðir þar sem mælt er fyrir um viðmiðunargildi fyrir skóga eru samþykktar skv. 8. eða 9. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2018/841 og
- b) endurspegla framlag landbókhaldsflokksins stýrt votlendi en hafa um leið hliðsjón af hámarks magni heildarnettóupptöku fyrir hvert aðildarríki, sem um getur í III. viðauka við þessa reglugerð, þegar þess er krafist að öll aðildarríkin geri grein fyrir þessum flokki samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/841.

8. gr.

Aðgerðir til úrbóta

1. Ef framkvæmdastjórnin kemst að raun um það í árlegu mati sínu skv. 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, og að teknu tilliti til fyrirhugaðrar notkunar á sveigjanleika sem um getur í 5., 6. og 7. gr. þessarar reglugerðar, að framvinda aðildarríkis við að uppfylla skuldbindingar sínar skv. 4. gr. þessarar reglugerðar sé ekki nægileg skal viðkomandi aðildarríki leggja áætlun um aðgerðir til úrbóta fyrir framkvæmdastjórnina, innan þriggja mánaða, sem inniheldur:

- a) viðbótaraðgerðir sem aðildarríkið skal hrinda í framkvæmd til að uppfylla sérstakar skuldbindingar sínar skv. 4. gr. þessarar reglugerðar með eigin stefnum og ráðstöfunum og með því að koma aðgerð Sambandsins í framkvæmd,
- b) stranga tímaáætlun um framkvæmd slíkra aðgerða sem gerir það kleift að meta árlega framvindu við framkvæmdina.

2. Umhverfisstofnun Evrópu skal, í samræmi við árlega vinnuáætlun sína, aðstoða framkvæmdastjórnina í starfi sínu við að meta slíkar áætlanir um aðgerðir til úrbóta.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að gefa út álit varðandi traustleika áætlana um aðgerðir til úrbóta, sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr., og skal í því tilviki gera slíkt innan fjögurra mánaða frá móttöku þessara áætlana. Hlutaðeigandi aðildarríki skal taka fullt tillit til álits framkvæmdastjórnarinnar og er heimilt að endurskoða áætlun sína um aðgerðir til úrbóta til samræmis við það.

9. gr.

Athugun á að farið sé að tilskildum ákvæðum

1. Ef endurskoðuð losun aðildarríkis á gróðurhúsalofttegundum á árunum 2027 og 2032 fer yfir árlega losunaráætlun þess fyrir tiltekið ár á tímabilinu, að teknu tilliti til 2. mgr. þessarar greinar og þess sveigjanleika sem er notaður skv. 5., 6. og 7. gr., gilda eftirfarandi ráðstafanir:

- a) bætt er við losunartölu aðildarríkisins, að því er varðar gróðurhúsalofttegundir fyrir næsta ár á eftir, magni sem svarar til magnsins af umframlosuninni á gróðurhúsalofttegundum í tonnum af koltvísýringsígildum, margfaldað með stuðlinum 1,08, í samræmi við ráðstafanirnar sem voru samþykktar skv. 12. gr., og
- b) aðildarríkinu skal bannað tímabundið að yfirfæra nokkurn hluta af árlegri losunaráætlun sinni til annars aðildarríkis þar til það uppfyllir ákvæði 4. gr.

Miðlægi stjórnandinn skal innleiða bannið, sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar, í skrá Sambandsins.

2. Ef losun aðildarríkis á gróðurhúsalofttegundum, annaðhvort á tímabilinu frá 2021 til 2025 eða á tímabilinu frá 2026 til 2030, sem um getur í 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/841, fer yfir upptöku þess, eins og ákvarðað er í samræmi við 12. gr. þeirrar reglugerðar, skal miðlægi stjórnandinn draga frá árlegri losunaráætlun aðildarríkisins magn sem jafngildir þessari umframlosun gróðurhúsalofttegunda í tonnum af koltvísýringsígildum fyrir viðkomandi ár.

10. gr.

Breytingar

1. Framkvæmdastjórnin skal breyta árlegri losunaráætlun fyrir hvert aðildarríki skv. 4. gr. þessarar reglugerðar til að endurspeglar:

- a) breytingar á fjölda losunarheimilda í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, sem eru gefnar út skv. 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB, sem voru gerðar vegna breytingar á umfangi upptaka samkvæmt þeirri tilskipun, í samræmi við ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar sem voru samþykktar samkvæmt þeirri tilskipun um lokasamþykki fyrir landsbundnum úthlutunar-áætlunum fyrir tímabilið frá 2008 til 2012,
- b) breytingar á fjölda losunarheimilda í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir eða inneigna, eftir því sem við á, skv. 24. gr. og 24. gr. a í tilskipun 2003/87/EB að því er varðar skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda í aðildarríki og
- c) breytingar á fjölda losunarheimilda í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, sem varða losun gróðurhúsalofttegunda frá stöðvum sem eru undanskildar viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir í samræmi við 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB, fyrir það tímabil sem þær eru undanskildar.

2. Fjöldanum í IV. viðauka skal bætt við árlega losunarúthlutun fyrir árið 2021 fyrir hvert aðildarríki sem um getur í þeim viðauka.
3. Framkvæmdastjórnin skal birta þær tölur sem leiða af slíkum breytingum.

11. gr.

Öryggisvarasjóður

1. Koma skal á fót öryggisvarasjóði, með magni sem samsvarar allt að 105 milljón tonnum af koltvísýringsígildum, í skrá Sambandsins, með fyrirvara um að markmið Sambandsins, sem um getur í 1. gr., sé uppfyllt. Öryggisvarasjóðurinn skal vera tiltækur til viðbótar við sveigjanleikann sem kveðið er á um í 5., 6. og 7. gr.
2. Aðildarríki getur notið góðs af öryggisvarasjóðnum að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
 - a) verg landsframleiðsla þess á mann á markaðsvirði á árinu 2013, eins og Hagstofa Evrópusambandsins birti hana í apríl 2016, var undir meðaltali Sambandsins,
 - b) uppsöfnuð losun þess á gróðurhúsalofttegundum á árunum 2013 til 2020, í þeim geirum sem falla undir þessa reglugerð, er minni en uppsöfnuð árleg losunarúthlutun þess fyrir árin 2013 til 2020 og
 - c) losun þess á gróðurhúsalofttegundum fór yfir árlega losunarúthlutun þess á tímabilinu 2026 til 2030 þó að það hafi:
 - i. fullnýtt sveigjanleikann skv. 2. og 3. mgr. 5. gr.,
 - ii. nýtt sér nettóupptöku að því hámarki sem unnt er skv. 7. gr. jafnvel þótt það magn nái ekki því gildi sem er fastsett í III. viðauka og
 - iii. ekki framkvæmt neinar nettóyfirfærslur til annarra aðildarríkja skv. 5. gr.
3. Aðildarríki, sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. þessarar greinar, skal fá viðbótarmagn úr öryggisvarasjóðnum, sem nemur allt að því magni sem vantar upp á hjá því, til að nota til að fara að tilskildum ákvæðum skv. 9. gr. Þetta magn skal ekki fara yfir 20% af heildarframúrakstri þess á tímabilinu 2013 til 2020.

Ef samanlagt magn sem af þessu leiðir, sem öll aðildarríki sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. þessarar greinar koma til með að fá, fer yfir viðmiðunarmörkin, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal minnka magnið sem hvert þessara aðildarríkja á að fá í réttu hlutfalli.

4. Ef eitthvað er eftir í öryggisvarasjóðnum eftir úthlutun í samræmi við fyrstu undirgrein 3. mgr. skal magninu úthlutað milli aðildarríkjana, sem um getur í þeirri undirgrein, hlutfallslega eftir því magni sem vantar upp á hjá þeim en ekki umfram það. Að því er varðar hvert þessara aðildarríkja má magnið vera til viðbótar við hundraðshlutann sem um getur í þeirri undirgrein.
5. Þegar endurskoðuninni, sem um getur í 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, er lokið fyrir árið 2020 skal framkvæmdastjórnin, að því er varðar hvert aðildarríki sem uppfyllir skilyrðin í a- og b-lið 2. mgr. þessarar greinar, birta það magn sem samsvarar 20% af heildarframúrakstrinum á tímabilinu 2013 til 2020 eins og um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. þessarar greinar.

12. gr.

Skrá

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 13. gr. til að bæta við þessa reglugerð í því skyni að tryggja nákvæmt bókhald samkvæmt þessari reglugerð gegnum skrá Sambandsins að því er varðar:
 - a) árlegar losunarúthlutanir,
 - b) sveigjanleika sem er nýttur skv. 5., 6. og 7. gr.,
 - c) eftirlit með því að farið sé að tilskildum ákvæðum skv. 9. gr.,
 - d) breytingar skv. 10. gr. og
 - e) öryggisvarasjóðinn skv. 11. gr.

2. Miðlægi stjórnandinn skal annast sjálfvirka athugun á hverri færslu í skrá Sambandsins sem leiðir af þessari reglugerð og skal, ef nauðsyn krefur, loka á færslur til að tryggja að ekki sé um neinar misfellingar að ræða.
3. Upplýsingarnar, sem um getur í a- til e-lið 1. mgr. og í 2. mgr., skulu vera aðgengilegar almenningi.

13. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 2. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 12. gr., í fimm ár frá 9. júlí 2018. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 2. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 12. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga, sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.
5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 2. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 12. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

14. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um loftslagsbreytingar sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 525/2013. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

15. gr.

Endurskoðun

1. Þessi reglugerð skal endurskoðuð reglulega, m.a. með tilliti til þróunar á landsbundnum aðstæðum, á hvaða hátt allir gearar hagkerfisins leggja sitt af mörkum til skerðingar á losun gróðurhúsalofttegunda, alþjóðlegrar þróunar og viðleitni sem sýnd er við að ná langtíamarkmiðum Parísarsamningsins.
2. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, innan sex mánaða frá hverri hnattrænni athugun, sem er samþykkt skv. 14. gr. Parísarsamningsins, um framkvæmd þessarar reglugerðar, þ.m.t. jafnvægi milli framboðs á og eftirspurnar eftir árlegum losunarúthlutunum, sem og um framlag þessarar reglugerðar til heildarmarkmiðs Sambandsins um skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda fram til 2030 og framlag hennar til markmiða Parísarsamningsins, einkum að því er varðar þörf fyrir viðbótarstefnur og ráðstafanir Sambandsins með hliðsjón af nauðsynlegum skerðingum Sambandsins og aðildarríkja þess á losun gróðurhúsalofttegunda, þ.m.t. ramma eftir 2030, og henni er heimilt að gera tillögur ef við á.

Í þessum skýrslum skal taka tillit til þeirra stefnuáætlana sem eru samdar skv. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013 með það fyrir augum að stuðla að mótun stefnuáætlunar Sambandsins til langs tíma.

16. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 525/2013

Reglugerð (ESB) nr. 525/2013 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. mgr. 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi lið er bætt við:

„aa frá og með 2023, losun þeirra á gróðurhúsalofttegundum af mannavöldum, sem um getur í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/842 (*), fyrir árið X-2 í samræmi við skýrslugjafarkröfur rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/842 frá 30. maí 2018 um bindandi árlega skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda aðildarríkjanna frá 2021 til 2030 sem stuðlar að loftslagsaðgerðum til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 525/2013 (Stjtið. ESB L 156, 19.6.2018, bls. 26).“

b) Í stað annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Í skýrslum sínum skulu aðildarríkin árlega upplýsa framkvæmdastjórnina um það hvort þau hyggist nota sveigjanleikann, sem settur er fram í 4. og 5. mgr. 5. gr. og 7. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842, sem og um notkun tekna í samræmi við 6. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar. Innan þriggja mánaða frá móttöku slíkra upplýsinga frá aðildarríkjum skal framkvæmdastjórnin gera upplýsingarnar aðgengilegar fyrir nefndina sem um getur í 26. gr. þessarar reglugerðar.“

2) Í c-lið 1. mgr. 13. gr. er eftirfarandi lið bætt við:

„ix. frá og með 2023, upplýsingar um landsbundnar stefnur og ráðstafanir sem er komið í framkvæmd til að uppfylla skuldbindingar þeirra samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/842 og upplýsingar um skipulagðar landsbundnar stefnur og ráðstafanir til viðbótar sem eru fyrirhugaðar með það fyrir augum að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda umfram skuldbindingar þeirra samkvæmt þeirri reglugerð.“

3) Í 1. mgr. 14. gr. er eftirfarandi lið bætt við:

„f) frá og með 2030, spár um heildarlosun gróðurhúsalofttegunda og aðskilin mót um áætlaða losun gróðurhúsalofttegunda fyrir þau upptök losunar sem falla undir reglugerð (ESB) 2018/842 og tilskipun 2003/87/EB.“

4) Í 1. mgr. 21. gr. er eftirfarandi lið bætt við:

„c) skuldbindingar skv. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842. Við matið skal taka tillit til framvindu við stefnur og ráðstafanir Sambandsins og upplýsinga frá aðildarríkjunum. Á tveggja ára fresti skal matið einnig innihalda áætlaða framvindu Sambandsins við að koma í framkvæmd landsákvörðuðu framlagi sínu til Parísarsamningsins, sem inniheldur skuldbindingu Sambandsins um skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda í öllu hagkerfinu, og áætlaða framvindu aðildarríkjanna við að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt þeirri reglugerð.“

17. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 30. maí 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

L. PAVLOVA

forseti.

I. VIÐAUKI

SKERÐING AÐILDARRÍKJA Á LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA SKV. 1. MGR. 4. GR.

	Skerðing aðildarríkja á losun gróðurhúsalofttegunda á árinu 2030, í tengslum við gildi þeirra á árinu 2005, ákvörðuð í samræmi við 3. mgr. 4. gr.
Belgía	-35%
Búlgaría	-0%
Tékkland	-14%
Danmörk	-39%
Þýskaland	-38%
Eistland	-13%
Írland	-30%
Grikkland	-16%
Spánn	-26%
Frakkland	-37%
Króatía	-7%
Ítalía	-33%
Kýpur	-24%
Lettland	-6%
Litáen (Lietuva)	-9%
Lúxemborg	-40%
Ungverjaland	-7%
Malta	-19%
Holland (Niðurland)	-36%
Austurríki	-36%
Pólland	-7%
Portúgal	-17%
Rúmenía	-2%
Slóvenía	-15%
Slóvakía	-12%
Finnland	-39%
Svíþjóð	-40%
Bretland	-37%

II. VIÐAUKI

ADILDARRÍKI SEM GETA FENGIÐ TAKMARKAÐA ÓGILDINGU Á LOSUNARHEIMILDUM Í VIÐSKIPTAKERFI ESB FYRIR LOSUNARHEIMILDIR TEKNA MEÐ Í REIKNINGINN TIL AÐ GETA FARIÐ AÐ TILSKILDUM ÁKVÆÐUM SKV. 6. GR.

	Hámarkshlutfall losunar gróðurhúsalofttegunda á árinu 2005, ákvarðað í samræmi við 3. mgr. 4. gr.
Belgía	2%
Danmörk	2%
Írland	4%
Lúxemborg	4%
Malta	2%
Holland (Niðurland)	2%
Austurríki	2%
Finnland	2%
Svíþjóð	2%

III. VIÐAUKI

HEILDARNETTÓUPPTAKA FRÁ LANDI SEM ER BREYTT Í SKÓGLENDI, LANDI SEM ER HREINSAÐ AF SKÓGI, STÝRÐU RÆKTUÐU LANDI OG STÝRÐU GRASLENDI SEM AÐILDARRÍKJUM ER HEIMILT AÐ TAKA TILLIT TIL Í ÞVÍ SKYNI AÐ FARA AÐ TILSKILDUM ÁKVÆÐUM Á TÍMABILINU 2021 TIL 2030 SKV. A-LIÐ 1. MGR. 7. GR.

	Hámarksmagn gefið upp í milljónum tonna af koltvísýringsígildum
Belgía	3,8
Búlgaría	4,1
Tékkland	2,6
Danmörk	14,6
Þýskaland	22,3
Eistland	0,9
Írland	26,8
Grikkland	6,7
Spánn	29,1
Frakkland	58,2
Króatía	0,9
Ítalía	11,5
Kýpur	0,6
Lettland	3,1
Litáen (Lietuva)	6,5
Lúxemborg	0,25
Ungverjaland	2,1
Malta	0,03
Holland (Niðurland)	13,4
Austurríki	2,5
Pólland	21,7
Portúgal	5,2
Rúmenía	13,2
Slóvenía	1,3
Slóvakía	1,2
Finnland	4,5
Svíþjóð	4,9
Bretland	17,8
Hámarksmagn samtals:	280

IV. VIÐAUKI

MAGN SEM ER BREYTT SKV. 2. MGR. 10. GR.

	Tonn af koltvísýringsgildum
Búlgaríá	1 602 912
Tékkland	4 440 079
Eistland	145 944
Króatía	1 148 708
Lettland	1 698 061
Litáen (Lietuva)	2 165 895
Ungverjaland	6 705 956
Malta	774 000
Pólland	7 456 340
Portúgal	1 655 253
Rúmenía	10 932 743
Slóvenía	178 809
Slóvakía	2 160 210